

E-indi nr. D 117 / 361

13/12 1993

Í 96. og 97. gr. draga að starfsreglum fyrir EFTA dómstólinn eru ákvæði um meðferð álitssbeiðna. Fer um það eftir meginreglum starfsreglnanna með breytingum sem leiða af eðli slíkrar beiðni.

Beiðni um álit skal fylgja ágríp máls þess sem er til meðferðar, lýsing á staðreyndum máls og greinargerð um þau (EES) ákvæði sem um ræðir með hliðsjón af innlendri lagaskipan, þannig að dómstóllinn geti greint við hverju er leitað svars. Dómstóllinn getur beðið um skýringar.

Samkvæmt 97. gr. skal taka tillit til reglna heimalands um málflutningsumboð og mætingu við aðalflutning máls vegna álitssbeiðni. Gert er ráð fyrir munnlegum málflutningi en með undantekningum þegar gagnaöflun er lokið og málið er hliðstætt máli sem áður hefur verið fjallað um og ef ósk um munnlegan málflutning hefur ekki komið fram.

Dómstóll heimalands tekur ákvörðun um kostnað vegna ágrípsgerðar.

Við sérstakar aðstæður getur EFTA dómstóllinn veitt gjafsókn vegna mætingar fyrir dómstólnum. Gilda um það, eftir því sem við á, ákvæði 72. gr. draganna sem fjalla almennt um gjafsókn fyrir dómstólnum.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í máli um álitssbeiðni. Útlagður kostnaður vegna álitssbeiðni er í raun hluti af málskostnaði í aðalmálinu. Um þann kostnað verður því dæmt í því máli.